

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 735/2020, um úthlutunarreglur Menntasjóðs námsmanna fyrir skólaárið 2020-2021.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna fyrir skólaárið 2020-2021 sem birtar eru sem fylgiskjal við auglýsingu nr. 735/2020:

Við grein 7.2 um frádrátt frá tekjum bætast tvær nýjar greinar 7.2.3 og 7.2.4, svohljóðandi:

7.2.3 Séreignarsparnaður greiddur út 2020.

Umsækjendur um námslán sem fá greiddan út séreignarsparnað á árinu 2020 geta óskað eftir því að hann verði undanþeginn við útreikning á námsláni skólaárið 2020-2021. Sækja verður um leiðréttingu vegna skólaársins fyrir 1. maí 2021.

7.2.4 Tekjur vegna vinnu í bakvarðarsveit.

Námsmenn geta óskað eftir því að tekjur sem aflað er vegna vinnu fyrir bakvarðarsveitir heilbrigðis- og velferðarþjónustunnar og bakvarðarsveit lögreglunnar komi til frádráttar við útreikning á námsláni.

Til þess að eiga rétt á því að tekjur sem aflað var við vinnu í bakvarðarsveit verði dregnar frá heildartekjum ársins við útreikning á láni þarf námsmaður að sýna fram á að hafa starfað í bakvarðarsveit og leggja fram launaseðla eða önnur gögn því til staðfestingar. Sækja þarf um þessa undanþágu sérstaklega og gildir hún fyrir skólaárið 2020-2021 vegna tekna ársins 2020.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020, öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 18. nóvember 2020.

Lilja D. Alfreðsdóttir.

Páll Magnússon.